

64

Viðauki

29. júní við 7. gr. í reglugjörð um grenjaleitir og refaveiðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 30. júlí 1891.

»Eigi má eitra rjúpu fyrir refi nema því að eins, að báðir vængir sjeu áður stýfðir af henni, og skulu hreppsnefndir og sýslunefndarmenn sjá um, að þessa sje vandlega gætt«.

*

*

*

Samkvæmt lögum Nr. 11, 22. marz 1890 var ofanskráður viðauki við 7. gr. reglugjörðar um grenjaleitir og refaveiðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. júlí 1891, sem hlutadeigandi sýslunefnd hefur samið, staðfestur og löggiltur af amtsráði Suðuramtsins á aðal-fundi þess 21.—23. þ. m., og skal hann öðlast gildi 1. september 1894.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 29. júní 1894.

Kristján Jónsson

settur.

65

Skýrsla

um aðal-fund amtsráðsins í Suðuramtinu dagana frá 21. júní til 23. sama mán. 1894.

Ár 1894, hinn 21. júní mánaðar var settur aðalfundur amtsráðs Suðuramtsins, og haldinn í fyrirlestrasal prestaskólans. Á fundinum voru mættir: hinn setti amtmaður Suðuramtsins, yfirdómari Kristján Jónsson, amtsráðsmaður Vestur-Skaptafellssýslu, sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson, amtsráðsmaður Rangárvallasýslu, sýslumaður Páll Briem, amtsráðsmaður Árnassýslu, Valdimar Briem prestur, amtsráðsmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, hreppstjóri Þórður Guðmundsson; amtsráðsmaður Borgarfjarðarsýslu, prófastur Guðmundur Helgason, var ekki mættur.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti gat þess, að samkvæmt lögum Nr. 17, 16. september 1893, væri Austur-Skaptafellssýsla skilin frá Suðuramtinu, að því er sveitarstjórn snertir.
2. Eptir tillögu forseta var samþykkt, að telja kjörtíma hinna núverandi amtsráðsmanna frá 1. júní 1892, þannig að kjörtími þeirra, sem nú eiga að ganga úr ráðinu, teljist til 1. júní 1895, og hinna til 1. júní 1898, og svo á sama hátt eptirleidis, þannig, að kjörtíminn sje bundinn við 1. júní.
3. Samkvæmt þessari ákvörðun var varpað hlutkesti um, hverjir skyldu ganga úr amtsráðinu 1895, og fór það þannig, að úr amtsráðinu skyldu ganga, amtsráðsmenn Vestur-Skaptafellssýslu, Árnassýslu og Borgarfjarðarsýslu, og verður gjörð ráðstöfun til þess, að í þessum sýslum verði kosnir amtsráðsmenn og vara-amtsráðsmenn.